

STJÓRNARTÍÐINDI B 87 – 1989

19. desember 1989

1165

Nr. 585

REGLUGERÐ um stjórn botnfiskveiða 1990.

I. KAFLI Heildarafi.

1. gr.

Árið 1990 skulu leyfi til botnfiskveiða miðast við að afli úr helstu botnfisktegundum verði:

1. Þorskur	260 þús. lestir
2. Ýsa	65 þús. lestir
3. Ufsi	90 þús. lestir
4. Karfi	80 þús. lestir
5. Grálúða	30 þús. lestir

Afli samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.

Vegna ákvæða í reglugerð þessari um veiðiheimildir sóknarmarksskipa, reglana um tilfærslu milli fisktegunda og flutning milli ára og ákvæða um afla smábáta, gæti heildarþorskafla á árinu 1990 orðið um það bil 300 þús. lestir og heildargrálúðaafli um það bil 45 þús. lestir.

II. KAFLI Flokkar fiskiskipa.

2. gr.

Flokka skal öll íslensk fiskiskip í útgerðarflokka. Skal hvert fiskiskip vera í sama útgerðarflokki og það var 1989, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 551, 20. desember 1988. Heimilt er þó að flytja fiskiskip milli útgerðarflokka 2-8 verði breyting á sérveiðiheimildum þess og skal samráðsnefnd þá gera tillögu til ráðherra um breytingu á veiðiheimildum þess. Með sama hætti skal samráðsnefnd gera tillögu um veiðiheimildir nýs skips sem kemur í stað tveggja eða fleiri skipa, sem tekin hafa verið úr rekstri. Útgerðarflokkar eru þessir:

1. Togarar.	5. Humar- og síldarbátar.
2. Bátar án sérveiðiheimilda.	6. Rækjubátar.
3. Síldarbátar.	7. Skelbátar.
4. Humarbátar.	8. Loðnuskip.

Fiskiskip í útgerðarflokki 2, bátar án sérveiðiheimilda, sem stærri eru en 100 brl., og eingöngu stunda veiðar með vörpu skulu flokkuð sérstaklega með tilliti til sóknardagafjölda.

Við ákvörðun aflahámarks skal miðað við stærðir skipa, sbr. 7. gr.

Við stærðarflokkun fiskiskipa skal miðað við gildandi mælingarbréf Siglingamálastofnunar ríkisins fyrir skipið 1. janúar 1986. Sama gildir sé miðað við lengd skips. Komi nýtt eða nýkeypt skip í stað eldra skips skal miðað við gildandi mælingarbréf eldra skipsins 1. janúar 1986.

Við ákvörðun aflahámarks fyrir útgerðarflokk 1, togara, skal það ákveðið sérstaklega fyrir togara 39 metra og styttri annars vegar og hins vegar fyrir togara lengri en 39 metrar. Miðað skal við mestu lengd skipsins, sbr. 4. mgr.

Við ákvörðun aflahámarks fyrir útgerðarflokk 1, togara, skal landinu skipt í tvö svæði:

Svæði 1: Frá Eystra-Horni vestur og norður um að Látrabjargi.

Svæði 2: Frá Látrabjargi norður og austur um að Eystra-Horni.

Við svæðaflokkun togara skal miðað við verstöð sem togari er gerður út frá, þegar reglugerð þessi öðlast gildi. Öll frystiskip er frysta eigin afla um borð skulu við ákvörðun aflahámarks teljast til svæðis 1.

Heimilt er að víkja frá ofangreindum ákvæðum um mörk veiðisvæða, sé það nauðsynlegt vegna sérstöðu veiðiskips.

III. KAFLI.

Aflamarksskip.

3. gr.

Aflamarksskipi skal úthlutað aflamarki í eftirgreindum fisktegundum: þorski, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu, skv. ákvæðum 6. og 8. gr. laga nr. 3, 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990.

Aflamark hvers skips skal tilgreint í heilu tonni og er miðað við slægðan fisk með haus að karfa undanskildum.

Þegar breyta skal óslægðum fiski í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0.80 en grálúðu með 0.92.

Þegar breyta skal slægðum fiski í óslægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 1.25 en grálúðu með 1.09.

Ráðuneytið skal ákveða reiknistuðul til útreikninga á afla skipa, sem vinna eigin afla um borð.

Við línuveiðar í janúar, febrúar, nóvember og desember reiknast 50% aflans ekki til aflamarks fiskiskips, en réttur línuskips til framsals skerðist sem svarar öllum línuafila skipsins á þessum tímabilum.

Þorskur og ufsi smærri en 50 cm, ýsa smærri en 45 cm og karfi innan 500 gr. telst ekki að tveimur þriðju hlutum með í aflamarki fiskiskips, enda fari fiskur undir þessum lágmarks-mörkum ekki yfir 10% af afla þessara fisktegunda í veiðiferð og fyrir liggi staðfesting frá matsmönnum eða vigtarmönnum um magn, skv. reglum er ráðherra setur. Þetta gildir ekki um afla, sem hausður er um borð í veiðiskipi. Allur fiskur, sem veiddur er á handfæri, telst til aflamarks.

Allan afla af ofangreindum tegundum, án tillits til stærðar eða í hvaða veiðarfæri hann fæst, sem fluttur er óunninn á erlendan markað skal reikna til aftamarks með 15% álagi, sbr. þó 6. mgr. hér að ofan.

IV. KAFLI.

Sóknarmarksskip.

4. gr.

Veiðileyfi með sóknarmarki er veitt með því skilyrði, að sóknardagar til botnfiskveiða fari ekki fram úr tilgreindum fjölda á ákveðnu tímabili sbr. 8. gr. og afli ekki yfir hámark skv. B lið 8. gr. laga nr. 3/1988 og 7. gr. reglugerðar þessarar.

5. gr.

Sóknarmark hefst þegar skip heldur úr löndunar- eða heimahöfn til veiða og lýkur þegar skip kemur í höfn með veiðarfæri innanborðs til löndunar afla, enda haldi skipið ekki úr höfn til veiða aftur fyrr en liðnir eru a.m.k. þrjár sólarhringar.

Sigli skip með eigin afla til löndunar á erlendan markað telst sá tími til sóknardaga, sem fer til siglingar utan.

6. gr.

Útgerð eða skipstjóri sóknarmarksskips skal tilkynna sjávarútvegsráðuneytinu eigi síðar en 12 dögum eftir lok hvers mánaðar á þar til gerðu eyðublaði, hvaða daga viðkomandi skip hefur nýtt til sóknar á tímabilinu. Ennfremur er skylt að skila aflaskýrslum skv. 11. gr.

Heimilt er að stunda veiðar allt að þrjá daga umfram úthlutaðan sóknardagafjölda tímabils, enda dragist jafnmargir dagar frá sóknardagafjölda næsta tímabils á eftir. Fari slík frávik fram úr þremur dögum um einn eða tvo daga reiknast þeir tvöfaldir til frádráttar á næsta tímabili á eftir. Frávik umfram fimm daga teljast brot á reglum þessum.

Heimilt er með samþykki ráðuneytisins að færa milli tímabila allt að fjóra af hverjum fimm sóknardögum, sem ekki hafa nýst til fiskveiða enda hafi skip orðið að liggja í höfn a.m.k. fimmtán daga vegna meiriháttar bilana. Útgerð skal sækja skriflega til ráðuneytisins um slíka yfirfærslu daga milli tímabila. Umsókn skal fylgja skrifleg greinargerð frá viðgerðaraðila eða tryggingarfélagi um viðgerðina og hversu langan tíma hún tók. Ráðuneytið úrskurðar um vafaatriði að fenginni umsögn samráðsnefndar. Að öðru leyti er óheimilt að flytja ónýtta sóknardaga eins tímabils til annarra tímabila.

7. gr.

Sóknarmarksskipi er á árinu 1990 óheimilt að veiða meira magn en tilgreint er í töflu í 3. mgr. þessarar greinar eða sem svarar aflahámarki þess samkvæmt ákvæðum 8. gr. laga nr. 3, 8. janúar, um stjórn fiskveiða 1988-1990 og sem leiðir af rétti til yfirfærslu milli ára.

Heimilt er að nýta þorsk- og grálúðuaflahámark til veiða á karfa sbr. 12. gr.

Aflahámark sóknarmarksskippa er sem hér greinir fyrir hvern stærðar-, útgerðar- og veiðisvæðaflokk fiskiskippa. Miðað er við slægðan þorsk og grálúðu með haus. Karfaaflahámark er miðað við óslægðan karfa með haus. Sé togara, útgerðarflokkur 1, báti án sérveiðiheimilda, útgerðarflokkur 2, sem stærri er en 110 brl. eða síldarbáti, útgerðarflokki 3, úthlutað aflahámarki samkvæmt þessari grein, skal það taka til aflahámarks í þorski, karfa og grálúðu eftir því sem við á:

Útgerðarflokkur 1, togarar:		Svæði I	Svæði II
39 metrar og styttri:	Þorskaflahámark	535 lestir	810 lestir
Lengri en 39 metrar:	Þorskaflahámark	940 lestir	1335 lestir
39 metrar og styttri:	Karfaaflahámark	765 lestir	90 lestir
Lengri en 39 metrar:	Karfaaflahámark	1550 lestir	550 lestir
39 metrar og styttri:	Grálúðuaflahámark	100 lestir	125 lestir
Lengri en 39 metrar:	Grálúðuaflahámark	350 lestir	400 lestir
Útgerðarflokkur 2, bátar án sérveiðiheimilda:	Þorskaflahámark	karfaaflahámark	grálúðuaflahámark
Frá 10 brl. til og með 15 brl.:	110 lestir		
Stærri en 15 brl. til og með 20 brl.:	115 lestir		
Stærri en 20 brl. til og með 25 brl.:	160 lestir		
Stærri en 25 brl. til og með 30 brl.:	180 lestir		
Stærri en 30 brl. til og með 40 brl.:	195 lestir		
Stærri en 40 brl. til og með 50 brl.:	225 lestir		
Stærri en 50 brl. til og með 90 brl.:	270 lestir		
Stærri en 90 brl. til og með 110 brl.:	285 lestir		
Stærri en 110 brl. til og með 200 brl.:	355 lestir	90 lestir	100 lestir
Stærri en 200 brl.:	400 lestir	90 lestir	100 lestir
Útgerðarflokkur 3, síldarbátar:	355 lestir	90 lestir	100 lestir

Útgerðarflokkur 4, humarbátar:

50 brl. og minni:	95 lestir
Stærri en 50 brl. til og með 90 brl.:	190 lestir
Stærri en 90 brl.:	205 lestir

Útgerðarflokkur 5, humar- og síldarbátar:

90 brl. og minni:	245 lestir
Stærri en 90 brl.:	260 lestir

Útgerðarflokkur 6, rækjubátar:

10 brl. til og með 20 brl.:	40 lestir
Stærri en 20 brl. til og með 50 brl.:	70 lestir
Stærri en 50 brl.:	95 lestir

Útgerðarflokkur 7, skelbátar:

10 brl. til og með 20 brl.:	35 lestir
Stærri en 20 brl. til og með 50 brl.:	50 lestir
Stærri en 50 brl. til og með 90 brl.:	95 lestir
Stærri en 90 brl. til og með 110 brl.:	110 lestir
Stærri en 110 brl.:	130 lestir

Varðandi útgerðarflokka 6 og 7 er heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar greinar um þorskaflahámark og ennfremur ákvæðum 8. gr. um sóknardagafjölda, sé það talið nauðsynlegt vegna breytinga í tekjum af sérveiðum.

Við línuveiðar í janúar, febrúar, nóvember og desember reiknast 50% þorskaflans ekki til þorskaflahámarks.

Þorskur smærri en 50 cm og karfi innan 500 gr telst ekki að tveimur þriðju hlutum með í aflahámarki, enda fari fiskur undir þessum lágmarksmörkum ekki yfir 10% af þorsk eða karfaafli í veiðiferð og fyrir liggi staðfesting frá matsmönnum eða vigtarmönnum um magn, skv. reglum er ráðherra setur. Þetta gildir ekki um afla, sem hausaður er um borð í veiðiskípi. Allur afli, sem veiddur er á handfæri, telst til aflahámarks.

Allan afla án tillits til stærðar eða í hvaða veiðarfæri hann fæst, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skal reikna til aflahámarks með 15% álagi, sbr. þó 6. mgr. hér að ofan.

8. gr.

Í töflu hér á eftir er tilgreindur fjöldi sóknardaga á einstökum tímabilum samkvæmt flokkun veiðiskípa í II. kafla:

Útgerðarflokkur 1, togarar.

Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	
jan.-apr.	maí-ág.	sept.-des.	Samtals
85	65	80	230

Útgerðarflokkur 2, bátar án sérveiðiréttinda.

Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	Tímabil 4	Tímabil 5	
jan.-feb.	mars-apr.	maí-ág.	sept.-okt.	nóv.-des.	Samtals
35	40	55	35	25	190

Útgerðarflokkur 2, togbátar, sbr. 2. mgr. 2. gr.

Tímabil 1	Tímabil 2	Tímabil 3	Tímabil 4	
jan.-feb.	mars-apr.	maí-ág.	sept.-des.	Samtals
40	40	65	70	215

Útgerðarflokkur 3, síldarbátar.

Tímabil 1 jan.-feb.	Tímabil 2 mars-ág.	Tímabil 3 maí.-okt.	Tímabil 4 nóv.-des.	Samtals
35	40	55	15	145

Útgerðarflokkur 4, humarbátar.

Tímabil 1 jan.-feb.	Tímabil 2 mars-apr.	Tímabil 3 maí-júní	Tímabil 4 júlí-des.	Samtals
35	40	10	55	140

Útgerðarflokkur 5, humar- og síldarbátar.

Tímabil 1 jan.-feb.	Tímabil 2 mars-apr.	Tímabil 3 maí-júní	Tímabil 4 júlí-des.	Samtals
35	40	10	35	120

Útgerðarflokkur 6, rækjubátar.

Tímabil 1 jan.-feb.	Tímabil 2 mars-apr.	Suður- og Vesturland. Tímabil 3 sept.-des.	Samtals
25	40	45	110

Tímabil 1 jan.-maí	Tímabil 2 júní-des.	Vestfirðir, Norðurland. Samtals
45	65	110

Útgerðarflokkur 7, skelbátar.

Tímabil 1 jan.-apr.	Tímabil 2 maí -des.	Samtals
40	40	80

Engar takmarkanir eru á fjölda sóknardaga hjá skipum, sem línuveiðar stunda í janúar, febrúar, nóvember og desember.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan botnfisk af kvótabundnum fisktegundum og nýtanlegum fisktegundum, sem markaður er fyrir. Sleppa skal þó fiski undir lágmarksstærðum sem tilgreindar eru í 7. mgr. 3. gr. sem fæst á handfæri.

10. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Ennfremur er honum skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega á löndunarstað, sbr. reglugerð nr. 567, 28. nóvember 1989, um vigtun sjávaraflla.

11. gr.

Útgerðum veiðiskipa, skipstjórnarmönnum og kaupendum er skylt að senda sjávarútvegsráðuneytinu skriflegar upplýsingar um afla og aflasamsetningu og um úthald og sjósókn á eyðublöðum, sem ráðuneytið leggur til. Vanskil á skýrslum og röng skýrslugjöf varða tafarlausri leyfissviptingu.

12. gr.

Við útreikning þorskígildis skal miðað við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1,00, ýsa 1,19, ufsi 0,56, karfi 0,53 og grálúða 0,80.

13. gr.

Ráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd varðandi úthlutun botnfiskveiðileyfa.

14. gr.

Ráðherra er heimilt að takmarka framsalsheimildir skipa, sem sérstök leyfi fá til veiða á flatfisk með dragnót.

15. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988-1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 3, 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988-1990, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1990 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. desember 1989.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ**um veiðar á úthafsrækju 1990.**

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða á rækju, sem veidd er utan viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 81/1976, að undanskildu svæði við Eldey, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita, að vestan markast svæðið af 23°40' V og að norðan af 64°05' N.

Rækjuveiðar á Dohrnbanka vestan 26°V skulu undanþegnar ákvæðum reglugerðar þessarar samkvæmt nánari reglum settum í leyfisbréfi.

Ráðherra getur ennfremur ákveðið í leyfisbréfi að rækjuveiðar á ákveðnum svæðum skuli undanþegnar ákvæðum reglugerðar þessarar með ákveðnum skilyrðum.

2. gr.

Á árinu 1990 skulu leyfi til úthafsrækjuveiða miðast við, að heildarrækjuafli á svæði skv. 1. mgr. 1. gr. fari ekki yfir 23 þúsund lestir.

3. gr.

Eftirgreindir skipaflokkar eiga kost á úthafsrækjuveiðileyfi 1990:

1. Loðnuskip. Skip, sem flokkuð eru sem loðnuskip, á grundvelli 2. gr. reglugerðar frá 19. desember 1989, um stjórn botnfiskveiða 1990.
2. Sérhæfð rækjuveiðiskip. Skip, sem áttu kost á að verða sérhæf rækjuveiðiskip á árinu 1989, sbr. 1. – 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 553 29. desember 1988, um veiðar á úthafsrækju 1989.
3. Önnur rækjuveiðiskip. Skip, sem úthlutað var veiðiréttindum á grundvelli 5. mgr. 5. gr. og 6. gr. reglugerðar nr. 553, 29. desember 1988, um veiðar á úthafsrækju 1989.